



Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar
1. janúar - 30. júní 2025
í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025 184 millj. evrur (1. janúar til 30. júní 2024 174 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 11 millj. evrur, samanborið við 6 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 477 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Rekstur á öðrum ársfjórðungi

Afli bolfiskskipa félagsins var á tímabilinu 12.000 tonn en var 12.100 tonn á sama tímabili árið áður. Veiðar á gullkarfa jukust en minnkuðu á ýsu. Botnfiskafli til landvinnslu var um 5.600 tonn, en var 6.150 tonn á sama tímabili árið áður.

Verð á ferskum landunnum bolfiskafurðum er gott og hefur hækkað nokkuð frá fyrra ári að undanskildum karfaafurðum sem eru á sambærilegu verði. Verð á sjófrystum þorski og ýsuafurðum hefur hækkað á milli ára en afurðaverð á ufsa og karfa hafa verið stöðug.

Vigra RE-71 var lagt í byrjun maí og er nú á söluskrá. Akurey fór í slipp í maí þar sem sinnt var hefðbundnum viðhaldsverkefnum.

Uppsjávarskip félagsins veiddu kolmunna í færeyskri lögsögu í apríl og nam aflinn rúmum 15 þúsund tonnum. Vegna lágs prótein og lýsishlutfalls var kolmunnaveiðum hætt fyrr en venja er og heimildir geymdar til seinni hluta ársins. Kolmunnaaflinn var unninn í fiskimjölsverksmiðju félagsins á Vopnafirði, en einn farmur á Akranesi. Mjölverð hækkaði lítillega frá fyrsta ársfjórðungi, en lýsisverð lækkaði nokkuð.

Á tímabilinu var farið í endurbætur á uppsjávarfrystihúsi Vopnafjarðar til að auka afköst og löndunarhraða. Uppsjávarskipin þrjú héldu til makrílveiða seinni hluta júní og veiddu 3.700 tonn af makríl. Markaðsaðstæður makríls eru góðar og eftirspurn mikil. Heildarafli uppsjávarskipa á öðrum ársfjórðungi var 19.600 tonn, þar af 15.400 tonn af kolmunna, 3.700 tonn af makríl og 500 tonn af síld.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2025 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hefur í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2025.

Stjórn félagsins:

Kristján Þ. Davíðsson
Kristrún Heimisdóttir

Anna G. Sverrisdóttir
Magnús Gústafsson

Hjálmar Kristjánsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Brims hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Brims hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 28. ágúst 2025.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Pétur Hansson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2025	2024	2025	2024
		1.4.-30.6.*	1.4.-30.6.*	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Seldar vörur		82.431	79.726	183.801	174.181
Kostnaðarverð seldra vara		(70.911)	(70.346)	(157.038)	(152.663)
Vergur hagnaður		11.520	9.380	26.763	21.518
Aðrar tekjur		0	6	0	6
Útflutningskostnaður		(1.336)	(1.739)	(3.422)	(3.531)
Annar rekstrarkostnaður	6	(3.497)	(3.335)	(6.546)	(6.165)
Rekstrarhagnaður		6.687	4.312	16.795	11.828
Fjáreignatekjur		425	688	858	1.589
Fjármagnsgjöld		(4.530)	(5.588)	(9.653)	(10.955)
Gengismunur		(1.924)	753	(2.841)	942
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		(6.029)	(4.147)	(11.636)	(8.424)
Áhrif hlutdeildarfélaga		3.003	1.015	7.245	2.966
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.661	1.180	12.404	6.370
Tekjuskattur		(446)	(186)	(1.619)	(870)
Hagnaður tímabilsins		3.215	994	10.785	5.500
EBITDA		12.074	8.970	27.014	21.017
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður og þynntur					
hagnaður á hlut		0,0017	0,0005	0,0056	0,0029

* Rekstrarreikningur fyrsta ársfjórðungs 2025 og 2024 var hvorki kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2025

	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2025	2024	2025	2024
	1.4.-30.6.*	1.4.-30.6.*	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Hagnaður tímabilsins.....	3.215	994	10.785	5.500
Rekstrarliðir færðir á eigið fé:				
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	(3.824)	(1.171)	(4.250)	(1.543)
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	55	341	1.058	661
Liðir sem síðar munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:				
Gangvirðisbreyting eignarhluta	(6)	(1.202)	(173)	(798)
Heildarafkoma tímabilsins	(560)	(1.038)	7.420	3.820

* Yfirlit um heildarafkomu fyrsta ársfjórðungs 2025 og 2024 var hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

		30.6.2025	31.12.2024
Eignir			
Rekstrarfjármunir		244.809	246.062
Óefnislegar eignir		401.470	401.885
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		139.799	150.766
Langtímakröfur á tengda aðila		6.561	6.567
Aðrar fjárfestingar		16.997	15.688
	Fastafjármunir	809.636	820.968
Birgðir	7	54.334	65.327
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		39.410	31.740
Kröfur á tengda aðila		17.074	25.803
Handbært fé		30.623	52.135
	Veltufjármunir	141.441	175.005
	Eignir samtals	951.077	995.973
Eigið fé			
Hlutfé		20.083	20.083
Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutfjár		61.686	61.686
Þýðingarmunur	(	6.972)	(2.721)
Annað bundið eigið fé		82.929	74.421
Óráðstafað eigið fé		318.844	335.450
	Eigið fé samtals	476.570	488.919
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		321.211	325.564
Tekjuskattsskuldbinding		71.635	72.538
	Langtímaskuldir	392.846	398.102
Vaxtaberandi skuldir		48.506	76.035
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		30.625	23.614
Skuldir við tengda aðila		39	1.681
Skattar til greiðslu		2.491	7.622
	Skammtímaskuldir	81.661	108.952
	Skuldir samtals	474.507	507.054
	Eigið fé og skuldir samtals	951.077	995.973

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2025

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður og yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1. janúar til 30. júní 2024						
Eigið fé 1.1.2024	20.083	61.686	(4.158)	65.688	329.509	472.808
Hagnaður tímabilsins					5.500	5.500
Þýðingarmunur tímabilsins			(1.543)			(1.543)
Matsbreyting skráðra eignarhluta				(798)		(798)
Áhættuvarnir langtímaskulda				661		661
Heildarhagnaður tímabilsins			(1.543)	(137)	5.500	3.820
Millifært af bundnu eigin fé				4.761	(4.761)	
Greiddur arður 2,0 kr. á hlut					(25.621)	(25.621)
Eigið fé 30.6.2024	20.083	61.686	(5.701)	70.312	304.627	451.007
1. janúar til 30. júní 2025						
Eigið fé 1.1.2025	20.083	61.686	(2.721)	74.421	335.450	488.919
Hagnaður tímabilsins					10.785	10.785
Þýðingarmunur tímabilsins			(4.251)			(4.251)
Matsbreyting skráðra eignathluta				(173)		(173)
Áhættuvarnir langtímaskulda				1.058		1.058
Heildarhagnaður tímabilsins			(4.251)	885	10.785	7.419
Millifært á bundið eigið fé				7.623	(7.623)	
Greiddur arður, 1,5 kr. á hlut					(19.768)	(19.768)
Eigið fé 30.6.2025	20.083	61.686	(6.972)	82.929	318.844	476.570

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2025

	2025 1.1.-30.6.	2024 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabilsins	16.795	11.828
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Sölutap (hagnaður) rekstrarfjármuna	24	(6)
Afskriftir	10.195	9.195
	<u>27.014</u>	<u>21.017</u>
 Breytingar á rekstrartengdum eignum	9.408	12.274
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	5.517	6.714
	<u>14.925</u>	<u>18.988</u>
 Innheimtar vaxtatekjur	373	1.848
Greidd vaxtagjöld	(9.783)	(10.900)
Greiddir skattar	(6.906)	(6.750)
Handbært fé frá rekstri	<u>25.623</u>	<u>24.203</u>
 Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(8.935)	(60.003)
Söluverð rekstrarfjármuna	111	76
Innborganir lána frá tengdum aðilum	0	5.500
Arður af eignarhlutum	15.830	2.722
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildar- og öðrum félögum	(1.512)	(3.788)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>5.494</u>	<u>(55.493)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(19.768)	(25.621)
Skammtímalán	5.444	7.494
Ný langtímalán	0	48.000
Afborganir langtímalána	(36.507)	(6.350)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(50.831)</u>	<u>23.523</u>
 Lækkun á handbæru fé	(19.714)	(7.767)
 Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1.798)	(102)
 Handbært fé í ársbyrjun	52.135	34.178
 Handbært fé í lok tímabilsins	<u>30.623</u>	<u>26.309</u>

Skýringar

1. Félagið

Brim hf. „Félagið“ er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga" og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út átta fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 28. ágúst 2025.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.brim.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsýjavarsvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfspætti samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

	Botnfisk- svið	Uppsjávar- svið	Sölufélög í Asíu	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Starfspættir 1.1.-30.6.2025						
Seldar vörur	94.192	39.371	58.154	8.141	(16.057)	183.801
Kostnaðarverð	(74.190)	(34.579)	(56.821)	(7.505)	16.057	(157.038)
Vergur hagnaður	20.002	4.792	1.333	636	0	26.763
Útflutningskostnaður	(2.114)	(932)		(375)		(3.421)
Annar rekstrarkostnaður	(2.530)	(2.456)	(504)	(1.057)		(6.547)
Rekstrarhagnaður	15.358	1.404	829	(796)	0	16.795
Fjármagnsliðir						(11.636)
Áhrif hlutdeildarfélaga						7.245
Hagnaður fyrir tekjuskatt						12.404
Tekjuskattur						(1.619)
Hagnaður tímabilsins						10.785
Starfspættir 1.1.-30.6.2024						
Seldar vörur	84.552	38.354	58.054	9.999	(16.778)	174.181
Kostnaðarverð	(70.396)	(33.547)	(57.029)	(8.469)	16.778	(152.663)
Vergur hagnaður	14.156	4.807	1.025	1.530	0	21.518
Aðrar rekstrartekjur				6		6
Útflutningskostnaður	(1.972)	(954)		(605)		(3.531)
Annar rekstrarkostnaður	(2.535)	(2.428)	(566)	(636)		(6.165)
Rekstrarhagnaður	9.649	1.425	459	289	0	11.828
Fjármagnsliðir						(8.424)
Áhrif hlutdeildarfélaga						2.966
Hagnaður fyrir tekjuskatt						6.370
Tekjuskattur						(870)
Hagnaður tímabilsins						5.500
6. Annar rekstrarkostnaður						
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:					2025	2024
					1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun og launatengd gjöld					2.337	2.356
Annar stjórnunarkostnaður					4.209	3.809
					6.546	6.165
7. Birgðir						
Birgðir greinast þannig:					30.6.2025	31.12.2024
Afurðabirgðir					46.649	57.762
Rekstrarvörubirgðir					7.685	7.565
					54.334	65.327
8. Kennitölur						
Helstu kennitölur samstæðunnar:						
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir					1,73	1,61
Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir					1,07	1,01
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn					0,50	0,49

Ársfjórðungsýfirlit

	2F 2025	1 F 2025	Samtals
Seldar vörur	82.431	101.370	183.801
Kostnaðarverð seldra vara	(70.911)	(86.127)	(157.038)
Vergur hagnaður	11.520	15.243	26.763
Útflutningskostnaður	(1.336)	(2.086)	(3.422)
Annar rekstrarkostnaður	(3.497)	(3.049)	(6.546)
Rekstrarhagnaður	6.687	10.108	16.795
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(6.029)	(5.607)	(11.636)
Áhrif hlutdeildarféлага	3.003	4.242	7.245
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.661	8.743	12.404
Tekjuskattur	(446)	(1.173)	(1.619)
Hagnaður tímabilsins	3.215	7.570	10.785

EBITDA 12.074 14.940 27.014

	4 F 2024	3 F 2024	2 F 2024	1 F 2024	Samtals
Seldar vörur	105.216	109.968	79.726	94.455	389.365
Kostnaðarverð seldra vara	(87.053)	(83.992)	(70.346)	(82.317)	(323.708)
Vergur hagnaður	18.163	25.976	9.380	12.138	65.657
Aðrar rekstrartekjur	25	3.369	6	0	3.400
Útflutningskostnaður	(1.755)	(2.148)	(1.739)	(1.792)	(7.434)
Annar rekstrarkostnaður	(3.268)	(2.949)	(3.335)	(2.830)	(12.382)
Rekstrarhagnaður	13.165	24.248	4.312	7.516	49.241
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(3.435)	(5.724)	(4.147)	(4.277)	(17.583)
Áhrif hlutdeildarféлага	8.163	3.323	1.015	1.951	14.452
Hagnaður fyrir tekjuskatt	17.893	21.847	1.180	5.190	46.110
Tekjuskattur	(1.856)	(2.869)	(186)	(684)	(5.595)
Hagnaður tímabilsins	16.037	18.978	994	4.506	40.515
EBITDA 18.254 26.033 8.970 12.047 65.304					

Ársfjórðungayfirlit hafa hvorki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.